



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
við Austurvöll  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1283*  
*komudagur 29.1.2008*

Kópavogi, 26.01.2008

Tilv. 023

HG

**Efni: Umsögn um frv. til laga um samgönguáætlun.**

Siglingastofnun visar til bréfs samgöngunefndar Alþingis dags. 17. janúar 2008, þar sem stofnuninni er sent til umsagnar frv. til laga um samgönguáætlun, 292. mál.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um undirbúning samgönguáætlunar vill Siglingastofnun benda á að langflestar hafnir landsins eru í eigu sveitarfélaga og því eðlilegt að þær komi að undirbúningi hafnamálahluta samgönguáætlunar, en það sjónarmið kom m.a. fram við umfjöllun samgöngunefndar Alþingis um samgönguáætlun á sínum tíma. Í 23. gr. hafnalaga nr. 61/2003 segir að Siglingastofnun skuli hafa samstarf og samráð við viðkomandi hafnarstjórnir við gerð samgönguáætlunar. Til að taka af öll tvímæli í þessu efni leggur Siglingastofnun til að í 6. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður, sem verði 3. málslíður og orðist svo:

"Áður en Siglingastofnun Íslands skilar af sér tillögum um hafnamálahluta samgönguáætlunar til samgönguráðs skal hún leita umsagnar viðkomandi hafnarstjórna."

Varðandi 6. gr. frumvarpsins vill Siglingastofnun benda á að hafnarframkvæmdir, sem fjallað er um í samgönguáætlun, eru samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og taka báðir aðilar þátt í að fjármagna verkefni. Oft á tíðum tengjast ákveðnar framkvæmdir sveitarfélaga einnig framkvæmdum sem ákvarðaðar eru í samgönguáætlun. Því er mikilvægt að sveitarfélög geti tekið mið af samgönguáætlun við gerð fjárhagsáætlana sinna. Í 1. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 segir að fyrir lok desembermánaðar skuli sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins. Siglingastofnun telur mikilvægt að sambærilegt ákvæði komi inn í lögum um samgönguáætlun, þ.e. að Alþingi afgreiði samgönguáætlun, bæði 12 ára áætlunina og endurskoðun 4 ára áætlunar fyrir lok desember árið áður en áætlunin á að öðlast gildi.

F.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,  
siglingamálastjóri